

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 109/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

Theodór Kristni Guðmundssyni
 (Sveinbjörn Jónsson)

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það þykir athugavert, að lögreglumennirnir, sem tóku kærða við Ölvesárbrú morguninn 23. september þ. á., gerðu ekki þegar ráðstafanir til þess, að sýnishorn yrði tekið af blóði hans.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Theodór Kristinn Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. sept. 1938.

Ár 1938, föstudaginn þann 30. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1757/1938: Valdstjórnin gegn Theodór Kristni Guðmundssyni, sem tekið var undir dóm þann 28. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Theodór Kristni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Skólavörðustíg 17 B hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1926 $\frac{5}{10}$ Kærður fyrir að aka á hest í Fossvogi. Málið afgreitt til bæjarfógetans í Hafnarfirði.
- 1929 $\frac{9}{10}$ Sætt 50 kr. sekt og 55 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
- 1930 $\frac{20}{100}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
- 1930 $\frac{10}{100}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1930 $\frac{4}{20}$ Aðvörðun fyrir samskonar brot.
- 1931 $\frac{27}{100}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1931 $\frac{19}{100}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
- 1931 $\frac{1}{10}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1932 $\frac{9}{20}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1932 $\frac{21}{100}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1934 $\frac{8}{100}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir of marga farþega í bifreið.
- 1936 $\frac{9}{100}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: Sýknaður af kæru valdstjórnarinnar fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1936 $\frac{10}{100}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
- 1937 $\frac{3}{100}$ Undir lögreglurannsókn út af árekstri bifreiðar á reiðhjól. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til frekari meðferðar.
- 1937 $\frac{14}{100}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Að kvöldi þess 22. þ. m. ók kærður fólksflutningsbifreiðinni R. 933 héðan úr bænum og austur að Fljótshlíð-

arréttum með farþega. Um nóttina svaf hann um 5 klukkustundir austurfrá í bifreiðinni, en var vakinn um kl. 6 að morgni þess 23. september. Var kærður þá kaldur og illa fyrir kallaður. Bauð þá einn farþeganna, Árni Strandberg að nafni, kærðum brennivín, rétt áður en lagt var af stað til Reykjavíkur, og þáði hann það, en drakk ekki nema lítið eitt. Ók hann síðan sem leið liggur að Ölvesárbrú með viðkomu við á eina á leiðinni, og drakk hann þá aftur einn sopa af brennivíni, er Árni gaf honum. Kveður kærður áfengi þetta hafa svifið á sig, og hafi hann verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, einkum síðari hluta leiðarinnar. Áhrifin hafi þó verið lítil, og telur hann áfengið hafa svifið örar á sig sökum þess að hann var kaldur og illa fyrir kallaður. Við Ölvesárbrú hitti lögreglan kærðan og fékk annan mann til að aka bifreið kærðs þaðan til Reykjavíkur.

Mál Árna Strandbergs hefir verið afgreitt sérstaklega.

Samkvæmt því, sem að framan er lýst, hefir kærður gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935 og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Dví dæmist rétt vera:

Kærður, Theódór Kristinn Guðmundsson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið. Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.